

2122. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn þriðjudaginn 9. október 2012 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16.00

Mættir: Geir Þorsteinsson, Gylfi Þór Orrason, Guðrún Inga Sívertsen, Lúðvík S Georgsson, Gísli Gíslason, Ragnhildur Skúladóttir, Róbert Agnarsson, Vignir Már Þormóðsson, Jóhannes Ólafsson, Jóhann Torfason og Þórarinn Gunnarsson
Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Forföll: Rúnar Arnarson.

Þetta var gjört:

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

2. Mótamál

- Íslandsmót 2012 og bikarkeppni 2012 – sigurvegarar í mótum. Keppni í Íslandsmóti og bikarkeppni er nú lokið. FH varð Íslandsmeistari í karlaflokkum og Þór/KA í kvennaflokkum. KR varð bikarmeistari karla og Stjarnan bikarmeistari kvenna. Úrslit í öllum flokkum liggja nú fyrir og eru sigurvegarar á mótum eftirfarandi:

Sigurvegarar í mótum utanhúss 2012

Íslandsmót

Pepsi-deild karla	FH	Pepsi-deild kvenna	Þór/KA
1. deild karla	Þór	1. deild kvenna	Þróttur R
2. deild karla	Völsungur		
3. deild karla	Sindri		
Eldri flokkur karla 30+	FH		
Eldri flokkur karla 40+	Breiðablik		
Eldri flokkur karla 50+	KR		
2. flokkur karla	FH	2. flokkur kvenna	FH
2. flokkur karla B-lið	FH	2. flokkur kvenna 7	Fylkir/ÍR
3. flokkur karla	Breiðablik	3. flokkur kvenna	Breiðablik
3. flokkur karla B-lið	FH		
3. flokkur karla C-lið	Keflavík		
3. flokkur karla 7 manna	Bí/Bolungarvík	3. flokkur kvenna 7 manna	Einherji
4. flokkur karla	Stjarnan	4. flokkur kvenna	Breiðablik
4. flokkur karla B-lið	KR	4. flokkur kvenna B-lið	Breiðablik
4. flokkur karla C-lið	KR		
4. flokkur karla 7 manna	Snæfellsnes	4. flokkur kvenna 7 manna	Sindri
5. flokkur karla A-lið	Breiðablik	5. flokkur kvenna A-lið	Breiðablik
5. flokkur karla B-lið	Stjarnan	5. flokkur kvenna B-lið	FH
5. flokkur karla C-lið	Stjarnan	5. flokkur kvenna C-lið	Breiðablik
5. flokkur karla D-lið	Keflavík		
6. flokkur karla - Pollamót A-lið SV	Víkingur	6. flokkur kvenna - Hnátumót A-lið SV	Breiðablik
6. flokkur karla - Pollamót B-lið SV	Fjölínir	6. flokkur kvenna - Hnátumót B-lið SV	Breiðablik
6. flokkur karla - Pollamót C-lið SV	Haukar	6. flokkur kvenna - Hnátumót C-lið SV	FH
6. flokkur karla - Pollamót D-lið SV	Þróttur R 2	6. flokkur kvenna - Hnátumót D-lið SV	Þróttur R
6. flokkur karla - Pollamót A-lið NL/AL	Þór 2	6. flokkur kvenna - Hnátumót A-lið NL/AL	KA
6. flokkur karla - Pollamót B-lið NL/AL	Þór 2	6. flokkur kvenna - Hnátumót B-lið NL/AL	Völsungur

Bikarkeppni

Borgunarbikar karla	KR	Borgunarbikar kvenna	Stjarnan
---------------------	----	----------------------	----------

2. flokkur karla	Stjarnan/Skínandi	2. flokkur kvenna	Breiðablik
3. flokkur karla SV	Stjarnan	3. flokkur kvenna SV	Breiðablik
3. flokkur karla AL/NL	KA	3. flokkur kvenna AL/NL	Þór

Deildarbikarkeppni KSÍ

Lengjubikar karla - A deild	KR	Lengjubikar kvenna - A deild	Breiðablik
Lengjubikar karla - B deild	HK	Lengjubikar kvenna - B deild	FH
Lengjubikar karla - C deild	Skínandi	Lengjubikar kvenna - C deild	ÍA

Meistarakeppni KSÍ

Meistaraflokkur karla	KR	Meistaraflokkur kvenna	Stjarnan
------------------------------	----	-------------------------------	----------

3. Fundargerðir nefnda

- Dómaranefnd frá 18. september
- Fræðslunefnd frá 30. ágúst
- Landsliðsnefnd frá 14. september
- Útbreiðslunefnd frá 7. september

4. Landshlutaverkefni

- Staðan og næstu skref. Framkvæmdastjóri greindi frá stuttri samantekt verkefnisstjóra, Eyjólf Sverrissonar, á verkefninu sem hefur tekist ágætlega. Næstu skref verða ákveðin í samráðið við verkefnisstjóra og í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar en ljóst er að bæta verður við trúnaðarmönnum á tiltekin landssvæði, Vesturland/Vestfirði og Suðurland.

5. Fræðslumál

- Markvarðþjálfaranámskeið. Fyrirhugað er að halda markvarðþjálfaranámskeið í haust og verður námskeiðið skipulagt í samráði við FIFA.

6. Dómaramál

- Tilnefningar dómaranefndar á FIFA lista. Fyrir liggur tilnefning dómaranefndar á FIFA listann fyrir tímabilið 2012/2013:

Dómarar

Gunnar Jarl Jónsson

Kristinn Jakobsson

Þorvaldur Árnason

Þóroddur Hjaltalín

Aðstoðardómarar

Áskell Þór Gíslason

Birkir Sigurðarson

Frosti Viðar Gunnarsson

Gunnar Sverrir Gunnarsson

Gylfi Már Sigurðsson

Jóhann Gunnar Guðmundsson

Sigurður Óli Þórleifsson

Aðstoðardómarar kvenna

Rúna Kristín Stefánsdóttir

Futsal dómarar

Andri Vigfússon

Tilnefningarnar eru þær sömu og fyrir árið 2012. Stjórn KSÍ staðfestir tilnefningar dómaranefndar.

7. Leyfismál

- Reglur um fjárhagsstöðu félaga – minnisblað. Fyrir liggur minnisblað frá starfshópi sem skipaður var um fjárhagsstöðu félaga. Starfshópurinn gerir tillögu um reglur er varða bætt fjárhagslegt heilbrigði aðildarféлага og hóflega skuldastöðu. Tillaga hópsins er eftirfarandi:
 1. Aðildarfélög þurfa að vera með jákvæða eiginfjárstöðu (break- even)
 2. Aðildarfélög mega ekki vera með heildarskuldir og skuldbindingar sem eru hærri en sem nemur 50% af meðaltalstekjum síðustu 3ja ára.Lagt er til að 2+2 aðlögun verði notuð, þ.e. ef aðildarfélag sýnir fram á bætingu innan tveggja ára fengi það tvö ár til viðbótar til þess að uppfylla reglur um eiginfjárstöðu og skuldastöðu. Stjórn samþykkti að senda aðildarfélögum Pepsi-deildar karla og 1. deildar karla tillögurnar og gefa félögunum kost á að gera athugasemdir en gert er ráð fyrir að reglurnar verði hluti af leyfisreglugerð og taki gildi í nýju leyfisferli sem hefst 1. nóvember 2012.

8. A landslið karla

Undankeppni HM 2014

- Ísland – Noregur 7. september. Leiknum lauk með 2-0 sigri Íslands.
- Kýpur – Ísland 11. september. Leiknum lauk með 1-0 sigri Kýpur.
- Albanía – Ísland 12. október í Tirana.
- Ísland – Sviss 16. október á Laugardalsvelli.

9. A landslið kvenna

Undankeppni EM 2013 umspil:

- Úkraína – Ísland 20. október. Leikið verður í Sevostopol.
- Ísland – Úkraína 25. október á Laugardalsvelli.

Stjórn KSÍ samþykkti að veita leikmönnum A – landsliðs kvenna 10 milljónir króna greiðslu árið 2013 takist liðinu að öðlast þátttökurétt á EM 2013 í Svíþjóð. Fjárhæðin skiptist á milli þeirra leikmanna sem tekið hafa þátt í undankeppninni.

10. Yngri landslið

- U17 kvenna – Undankeppni EM 2013 í Slóveníu 6. – 11. sept. Liðið vann Slóveníu 3-0 og Eistland 5-1 en tapaði gegn Tékklandi 0-2 og hafnaði í öðru sæti riðilsins.
- U17 karla – Undankeppni EM 2013 á Möltu 29. sept – 4. okt. Liðið vann Möltu 2-0 en tapaði gegn Portúgal 2-4 og gegn Noregi 0-2 og hafnaði í 3. sæti riðilsins.
- U19 kvenna – Undankeppni EM 2013 í Danmörku 20. – 25. október. Liðið leikur í riðli með Danmörku, Moldavíu og Slóvakíu.

11. FIFA

- Heimsókn Blatters. Nýlokið er heimsókn Joseph S Blatter, forseta FIFA, til Íslands. Blatter lýsti yfir mikilli ánægju með heimsóknina en hann heimsótti m.a. Katrínu Jakobsdóttir mennta - og menningarmálaráðherra og Hr. Ólaf Ragnar Grímsson forseta Íslands. Jafnframt var farið á æfingar hjá Breiðabliki í Fífunni og hjá HK í Kórnum. Stjórn KSÍ sæmdi Blatter gullmerki KSÍ.

12. Önnur mál.

- Frumvarp um lyfjaeftirlit – umsögn. Fyrir liggur frumvarp um lyfjaeftirlit til umsagnar. Stjórn KSÍ gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.
- Samfélagsleg verkefni 2013. Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd að samfélagslegu verkefni fyrir árið 2013 en í þeirri hugmynd felst sú breyting að KSÍ tekur að sér að styrkja eitt tiltekið verkefnið veglega á ári hverju í stað þess að styðja við mörg smærri verkefni. Tillögur um verkefni verða tekin fyrir á næsta fundi stjórnar.